

Brautskráning 27. maí 2023

Menntaskólinn að Laugarvatni

Heiðraða samkoma. Ágætu verðandi nýstúdentar og fjölskyldur, starfsfólk, júbílantar og aðrir hátíðargestir. Fyrir hönd Menntaskólans að Laugarvatni býð ég ykkur velkomin á brautskráningarathöfn á sjötugasta afmælisári skólans. Útskriftardagur er ætíð mikil hátíð og í dag útskrifast 45 nýstúdentar. Við sameinumst í dag til þess að fagna með unga fólkinu og gleðjast með þeim yfir vel unnum störfum.

Það hafa skipst á skin og skúrir í skólastarfinu þennan vetur sem nú var að líða og einhverjir efast jafnvel enn um að vetrarlægðirnar séu að öllu leyti um garð gengnar en bændur hafa varla komist til vorverka sökum veðurhraglanda. En meðal annars var sú sem hér stendur skipuð í embætti skólameistara til næstu fimm ára. Ég vil nota tækifærið hér til að þakka traustið sem mér hefur verið sýnt með skipaninni en ekki síst vil ég þakka samstarfsfólki mínu og fráfarandi skólameistara, sérstaklega fyrir stuðninginn sem ég hef fundið fyrir bæði í orði og verki. Ekki síður þótti mér vænt um stuðninginn sem ég fékk frá nemendasamfélagi Menntaskólans og það er mér heiður og gleði að fá að brautskrifa þennan hóp hér í dag.

Af framkvæmdum í ML er það helst að fréttu að nú standa yfir endurbætur á Brytaíbúðinni svokölluðu sem staðsett er í eystri enda skólans. Þar er unnið að því að setja upp verkgreinastofu þar sem við fáum rými fyrir ýmsar skapandi greinar líkt og myndlist, hljóðvinnslu, hljóðupptöku, tónlistarupptökur og svo ýmislegt fleira sem mun bætast við eins og efni og aðstæður koma til með að gefa okkur rými til. Tónlist hefur lengi sett sterkan svip á lífið í ML og mikið tilhlökkunarefni að fá að vígja nýja stofu haustið 2023. Stuðningur við skapandi greinar er mikilvægur meðfram öfluglu bóknámi sem fram fer í Menntaskólanum.

Nú er komið að þessum góða hópi hér að takast á við ný verkefni næsta haust og þau hafa nú getað fylgst með blessuðum skólameistararum takast á við nýtt hlutverk í vetur. “En gera skólameistarar nokkuð? Eru þau ekki bara á fundum allan daginn?” Spurningar af þessu tagi hef ég fengið annað slagið og get nú litlu svarað. Því jú, ég

fundu heilmikið með alls konar fólki; kennurum, matreiðslufólki, nemendum, umsjónarmanni fasteigna, fulltrúum ráðuneytis, fulltrúum ýmiss konar ríkisstofnana, sveitarstjórna, foreldrum og svo mætti lengi telja. Það þarf margt að ræða, skoða mál frá mörgum hliðum og taka ákvarðanir um stórt sem smátt. Eftir því sem ég rýni betur í það sem ég geri dagsdaglega þá er smám saman að fæðast einhver skilningur á því hvað í raun ég bjástra við alla daga.

Skólameistarinn er umsjónarmaður bæði starfsfólks og nemenda; skólameistari sér til þess að starfsfólk skólans hafi aðstæður og næði til að sinna sínum störfum, að kennarar hafi faglegt rými og sjálfstæði til að koma innihaldi námsefnisins á framfæri við nemendur en fyrst og fremst er skólameistari talsmaður og verndari nemenda. Skóli er ekki bygging heldur fólk sem þar nemur og starfar.

Það er ýmislegt sem gerist á þessum árum sem ML-ingar dvelja hér. Þau koma hér í fyrsta bekk og vita allt, komast svo að því í öðrum bekk að þau vissu líklega ekki nema helminginn en kveðja svo í þriðja bekk sannfærð um að þau hafi í raun bara verið rétt að byrja. Það er nú vart hægt að líkja saman litlu lömbunum sem við tókum á móti haustið 2020, í Covid-19 óreiðunni miðri við þetta lífsglaða og þroskaða fólk sem hér situr.

Og ég get sko sagt ykkur, kæru áheyrendur, að innan veggja skólans, í daglegu, faglegu starfi, er ekki verið að sulla í neinu hálfkákí. Menntaskólinn að Laugarvatni er ríkur að öflugum fagfólki sem hefur mikinn metnað fyrir því sem gerist í námi og leggur dag við nótt að gera námsefnið innihaldsríkt. Því við erum ekki bara að setja fyrir eitthvert efni til aflestrar; einhverjar bækur og blöðunga sem við sjálf höfum gaman af og þráum því að þræla unga fólkinu í gegnum það okkur til samlætis. Við vitum nefnilega sem er að allt sem um er fjallað í námi skiptir máli og þegar við nemum eitthvað nýtt erum við að búa til nýjar brautir í heilanum. Við erum bókstaflega að breyta heilastarfsemi nemenda okkar með því starfi sem fer fram í skólanum. Fjölbreyttar námsaðferðir, skapandi kennsluáðferðir, hvetjandi námsumhverfi, allt er þetta hluti af daglegu amstri kennara og mikil fræði á bakvið hverja ákvörðun sem tekin er.

Kennarastarfið er sannarlega besta starf í heimi. Nei, ég meina það. Það er jafn erfitt og flókið og það er skemmtilegt og gefandi. Kennarar eru upp til hópa hugaðir einstaklingar með óbilandi trú á menntakerfinu því það er sannarlega ekki heiglum hent að útskýra

fyrir hópi 17 ára unglunga afturbeygðar sagnir eða deildun og heildun kl. 8:30 á morgnana. Það er því ekki úr vegi að við sem þjóð kynnum okkur hvað það er sem býr að baki störfum þeirra sem móta hugi barnanna okkar í skólum landsins og ljáum þeim stuðning okkar og hvatningu. Með öflugum hópi kennara getum við auðgað sem mest hráefnið sem við fáumst við alla daga; nemendur, framtíð lands og þjóðar. Heill sé kennurum.

Menntamál eiga í okkur hvert bein, okkur sem lifum og hrærumst í þessum geira flesta daga ársins. Við sjáum skýrt hversu mikilvægt er að grunnurinn sé góður svo að einstaklingar megi vaxa og dafna eins og þau hafa krafta til. Í lífsins ólgusjó er nefnilega ekki alltaf jafnt gefið og gott menntakerfi er besta verkfæri samfélagsins til að gefa öllum einstaklingum þess tækifæri til að jafna leikinn. Þegar samfélagið nýtir krafta allra sinna þegna þá stendur eftir öflugra og sterkara samfélag sem byggir jafnt á gömlum hefðum sem fjölmennningarlegum stoðum.

Að lokum óska ég Menntaskólanum að Laugarvatni og öllum hans velunnurum til hamingju með daginn og þakka fyrir samstarfið á nýliðnum vetri. Nú býð ég Áslaugu Harðardóttur, áfangastjóra og staðgengli skólameistara, að taka til máls en hún flytur annál skólaársins. Þegar hún hefur lokið máli sínu munu þeir útskrifarnemendur sem eru í kór ML flytja tvö lög undir stjórn Eyrúnar Jónasdóttur en hún stýrir kór Menntaskólans að Laugarvatni. Eyrún mun sjálf kynna löginn sem um ræðir. Takk fyrir og gjörið svo vel.

Jóna Katrín Hilmarsdóttir,

Skólameistari

Ávarp til nýstúdenta og lok athafnar

Ágætu nýstúdentar

Það er ykkur hægur leikur að skyggnast inn í framtíðina því ykkur nægir að horfa hér yfir salinn. Það hefur frá fyrstu tíð skólans, í hans 70 ára sögu, verið síður ML-inga að halda hópinn og efla tengslin sín á milli. Á fimm ára fresti (í það minnsta eins og skipulagið er í dag) hittast útskrifaðir ML-ingar í Menntaskólanum að Laugarvatni hér í skólanum sínum og við sjáum hér júbílanta í salnum og bið ég þá að rísa á fætur þegar afmælistala þeirra er kölluð upp. 5 – 10 – 15 – 20 – 25 – 30 – 35 – 40 – 45 – 50 – 55 – 60 – 65 – 70. Þar hafið þið það. Framtíðin á fimm ára fresti er að hittast á ný til að rifja upp tengslin, minningarnar og kærleikann.

Því fyrst og fremst er það kærleikurinn sem situr eftir þegar öllu er á botninn hvolft. Þegar allt sem ekki skiptir máli hefur verið síað frá þá situr kærleikurinn eftir og þið munið sameinast í þessum kærleika þegar þið leiðið saman hesta ykkar á ný.

En mín kveðjuorð til ykkar verða þau að minna ykkur á að leyfa alltaf kærleikanum að stjórna för, verið góð við minnimáttar, spyrja aldrei “af hverju ég” heldur “hvernig get ég hjálpað?” Verið óhrædd við að taka stórar ákvarðanir í lífinu og leggið ykkur öll fram við það sem þið takið ykkur fyrir hendur – það sem er þess virði að það sé gert er þess virði að það sér gert vel.

Takk fyrir samveruna kæru umsjónarnemendur – aldrei eru dagarnir nógu margir – en þeir voru líflegir flestallir og fullir af gleði. Stundum kannski aðeins of mikilli gleði ykkar megin en við gerum það upp síðar. Megi gæfan fylgja ykkur alla daga og til hamingju með daginn.

Nú er komið að lokum athafnarinnar og að henni lokinni er öllum gestum boðið til kaffisamsæti uppi í skóla. Gengið er inn um aðalanddyri menntaskólans og kaffið og meðlætið bíður á neðstu hæðinni.

Ég þakka þær gjafir sem skólinn hefur fengið hér í dag og þá vinnáttu og tryggð sem útskrifaðir nemendum auðsýna skólanum.

Við munum ljúka athöfninni á að rísa úr sætum og syngja skólasönginn, Til fánans, texta Einars Benediktssonar við lag Björgvins Guðmundssonar. Eyrún Jónasdóttir mun leika undir á píanó en að söngnum loknum munu nýstúdentar yfirgefa salinn og fara til hópmyndatöku hér handan við tjaldið. Gestir eru beðnir með að hinkra með knús á meðan myndatakan fer fram og gefst færi til óheftra knúsa og hamingjuóska að henni lokinni. Gestum er því frjálst að doka við hér í salnum eða leggja af stað í kaffið uppi í ML.

Segi ég nú 70. starfsári Menntaskólans að Laugarvatni slitið.